

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal

23.september 2019 klukkan 17:00

Mættir: Einar Gíslason, Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Leifur Arason, Sigurbjörn Þórmundsson og Þórunn Eggertsdóttir.

1. Fjármál félagsins.

Rætt var um fjármál félagsins og samskipti við Reykjavíkurborg.

2. Mótanefnd

Mótahald 2019 var yfirgripsmikið og stóð mótanefnd sig mjög vel. Það lenti mikil vinna á fáum höndum. Margir búnir að vera lengi í nefndinni og hafa lagt mikið á sig síðustu ár. Rætt var að fá fleira fólk í nefndir og skipta verkefnum betur. Formaður mótanefndar mun ræða framhaldið með öðrum meðlimum mótanefndar.

3. Nefndarfundur

Nefndarfundur verður boðaður að öllum líkindum í október. Félagið þarf fleira fólk í nefndir og eru áhugasamir velkomnir á fundinn.

4. Námskeið fyrir börn og unglinga.

Þörf er á námskeiði fyrir börn og unglinga, undirbúningi fyrir keppni sem og annarri þjálfun. Rætt var hvernig undirbúningur fyrir Landsmót hefur verið síðustu skipti og hefur það vel tekist. Æskulýðsnefnd fær það verkefni að undirbúa þetta verkefni með framkvæmdarstjóra.

5. Almennadalur

Verkefnalisti vegna nýframkvæmda og viðhalds ræddur og áframhaldandi vinna með hann. Fundað verður með fulltrúum borgarinnar í næstu viku.

6. Íþróttamannvirki

Rædd voru hugmyndir um mismunandi útfærslur við uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ætlar stjórn að kynna sér þau mál núna í vetur.

7. Reiðhöllin

Rætt var um dagskrá reiðhallarinnar eftir jól og möguleika sem félagið hefur til að létt á henni yfir annasamasta tímann. Framkvæmdastjóra er falið að skoða útfærslu varðandi það.

Fundi slitið 18:30

Funargerð ritaði Einar Gíslason